

329 - Stjórnarfundur LEB 3. apríl 2020

Kl. 9.30-12.00 - Fundur no: 329 – Fjarfundur.

Mættir: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson, Dagbjört Höskuldsdóttir, Ellert B. Scram, Ingólfur Hrólfsdóttir og Drífa Sigfúsdóttir.

Valgerður boðaði forföll og Ólafur einnig, en hann kom í lok fundar.

Fundargerð síðasta fundar, 3. mars 2020. Samþykkt.

1. Staða í málefnum eldra fólks frá síðasta stjórnarfundi, 3. mars.

Þórunn sagði frá verkefni sem væri farið af stað í Reykjavík. Sjálfboðaliðar eru virkjaðir til að hringja í alla 85 ára og eldri. (*sjá nánar lið 7*)

Hún sagði líka frá því að Mjólkursamsalan myndi væntanlega gerast hollvinur LEB og styrkja sambandið. Ekki síst væri það tilkomið vegna næringardrykksins Næring+ sem þórunn hefur verið dugleg að kynna sem góðan kost í næringu aldraðra.

Dagbjört og Haukur þökkuðu henni fyrir að vera öflugur talsmaður eldri borgara í fjölmöðum.

Dagbjört sagði frá því að hún hefði áhyggjur af því að eldra fólk væri ekki nágu duglegt að hreyfa sig úti.

Þórunn sagði frá því að Reykjavíkurborg væri að vinna að því að efla heimaþjónustu sína, ekki síst ná bættu samstarfi við fólk sem býr eitt eða með veikum maka.

Til málstóku: Haukur, Drífa, Ellert og Dagbjört.

2. Staða LEB blaðsins og útgáfutími?

Auglýsingaloforð hafa dottið út. Erna Indriðadóttir ritstjóri og Þórunn hafa sett útgáfu blaðsins í bið. Munu fylgjast með og skoða hvenær tímabært verður að ráðast í útgáfu.

3. Samráðsnefnd við TR, tillaga TR um breytingar.

TR finnst að fulltrúar frá LEB og FEB séu orðnir fullmargir. Verður rætt þegar þjóðfélagið kemst í lag.

4. Beiðni Þorbjörns Guðmundssonar um fund.

Þorbjörn situr í starfshópi ráðuneyta sem þau Þórunn og Haukur sitja í.

Þorbjörn er í forsvari Gráa hersins sem undirbýr málafærli gegn ríkinu. Skiptar skoðanir hafa verið um hvort LEB sem slíkt ætti að vera aðili eða lýsa yfir stuðningi við málaresturinn. Haukur sagði við hann að hann teldi ekki að LEB ætti að gera það. Þorbjörn er ekki sáttur og vill fá fund með fleirum í

stjórninn til umræðu. All nokkrar umræður urðu um málið. Ellert er á þeirri skoðun að LEB eigi að styðja málssóknina eins og hún liggur fyrir. FEB-R hefur veitt fjárvíkni til Gráa hersins. Til málstóku Dagbjört, Haukur og Þórunn. Ellert ekki sáttur við störf starfshópsins. Haukur og Þórunn sögðu að veður og veira hefðu komið í veg fyrir störf hópsins á þessu ári. Þau hefðu beitt sér eftir fremsta megni. En stjórnvöld væru ekki að beita sér og virtust ekki vera tilbúin í að setja málefni eldra fólks sérstaklega á oddinn. Stjórnin var sammála um að sjálfsagt væri að halda fund með þorbirni með Þórunni og einhverjum stjórnarmönnum þegar um hægist.

5. Framhaldstölvukennsla.

Tilboð fá Ólafi Kristjánssyni hjá Netkynningu um myndbandakennslu á tölvu fyrir félaga í LEB. Hérna eru slóðir á kennsluefni sem gefa hugmynd hvað Ólafur býður uppá:

1. <https://www.netkynning.is/askrift-kennsla-kynning>
2. <https://www.netkynning.is/askrift-kennsla-070819-youtube>
3. <https://www.netkynning.is/askrift-kennsla-191119-fb-vidburdur>

Ef verkefnið kostar LEB ekkert taldi stjórnin sjálfsagt að fara í samvinnu við Ólaf.

6. Verkefni: Samstarf um léttari leið til að hætta að aka bíl.

Í skoðun er hvað kostar að reka bíl og hvort hægt er að kynna fyrir fólk í hvaða kostir eru tiltækir, t.d. að taka leigubíla og auðvelda fólk í þannig að hætta akstri.

7. Verkefni: Fólk sem býr eitt og er yfir 85 ára aldri

Hér er slóð á verkefnið: <http://www.leb.is/frettir/simaspjall-vid-eldri-borgara-vertu-simavinur/> vísað í lið 1.

Full ástæða er til að auka notkun spjaldtölva og kennslubæklingurinn sem LEB gefur út rennur út þessa dagana.

8. Tveir styrkir til verkefna til heilsueflingar á kórónuveirutímum.

- a) Slökunardiskur frá Fanney Jónmundsdóttur.
- b) Aðgangur inn á Qigong tíma frá Þorvaldi Inga Jónssyni sem mun standa eldri borgurum til boða.

Hvort tveggja verður gert aðgengilegt á netinu.

100 þús á hvort verkefni var samþykkt .

9. Sögur af afsláttarbók.

Hún er tilbúin. Er ekki gallalaus. En á leið í dreifingu.

10. Önnur mál.

- Þórunn sagði frá því að hún væri boðuð á fjarfund með Ásmundi Einari Daðasyni ráðherra og aðstoðarmanni hans í dag. Mun senda stjórninni yfirlit frá þeim fundi.
- Stefnt er að halda stjórnarfund aftur í apríl, einhverntíma á síðustu tíu dögum mánaðarins.

Þessi fundur var fjarfundur í Teams. Hann tókst ekki nógum vel. Ingólfur tengdist en heyrði ekki í okkur nema í síma. Einnig var samband við Drífu ekki gott, en hún tengdist með hátlarakerfi. Svo þáttaka þeirra var minni en gott var. Nauðsynlegt að kanna hvað var að svo að næsti fundur sem verður örugglega líka fjarfundur lánist betur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Dagbjört Höskuldsdóttir

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundi, 27. Apríl 2020. Það staðfestist hér með



Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður LEB